



STJÓRN SSH 447. fundur

Mánudaginn 4. september 2017, kl. 13:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur L. Haraldsson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Haraldur Sverrisson
Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.
Hrafnkell Á Proppé svæðisskipulagsstjóri sat ennfremur fundinn.

Stjórnarformaður SSH, Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

1. Staðsetning fjarskiptamastra á höfuðborgarsvæðinu /málsnr. 1707005

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Hrafnkell Gíslason og Þorleifur Jónasson frá Póst- og fjarskiptastofnun.

Fyrir fundinum lá minnisblað Póst- og fjarskiptastofnunar frá 12. júlí 2017 þar sem athygli sveitarfélaga er vakin á þörf fyrir að fundir verði góðir staðir fyrir fjarskiptamöstur á höfuðborgarsvæðinu til frambúðar í ljósi óvissu sem ríkir um framtíð sendistaða á Vatnsendahvarfi og á Úlfarsfelli.

Hrafnkell og Þorleifur gerðu grein fyrir tæknilegum kröfum varðandi staðsetningu öflugra fjarskiptamastra og áhrifum sterkra senda á nærumhverfið. Lögðu áherslu á að fundir verði lausn á máli sem fyrst.

Umræður

Niðurstaða:

Ekki er ljóst hvar frumkvæði að vinnu vegna þessa liggur, en að sögn fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar er eðlilegast að þeir aðilar sem nú annast rekstur dreifikerfa hafi það frumkvæði. Aðkoma og hlutverk sveitarfélaganna verður því að takast á við skipulagsþátt málsins þegar kallað verður eftir samtali af hálfu þessra aðila.

2. BORGARLÍNAN og tengd viðfangsefni /málsnr. 1610002

a) Fyrir lá yfirlit yfir áfallinn verkefnakostnað SSH vegna verkefna sem tengjast Borgarlínu og undirbúningi að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna hennar.

Áfallinn verkefnakostnaður í lok ágúst nam um 36,7 m.króna og áætlaður verkefnakostnaður til ársloka nemur um 44,4 m.króna. Verkefnið er fullfjármagnað með framlagi úr Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins, sérstöku framlagi frá aðildarsveitarfélögunum og framlagi úr verkefnasjóði SSH.

b) Farið var yfir verkáætlun og tímasetningar vegna væntanlegrar auglýsingar á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna legu Borgarlínunnar.



3. Árlegt viðhald rennislíkans kalds vatns fyrir höfuðborgarsvæðið og kostnaðarskipting
/málsnr. 1709001

Fyrir fundinum lá erindi frá OR dags. 28.08.2017 vegna ofangreinds.

Samþykkt að vísa málinu til skoðunar, úrvinnslu og tillögugerðar hjá samráðshópi um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00